

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 25. júní kl. 09:15, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 826.
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs.
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Helena Stefánsdóttir og Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Magnús Jónsson, Lilja Grétarsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir og Hildur Gunnarsdóttir..

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

1. Brekknaás, nýtt deiliskipulag

Mál nr. SN210101
Skjalnr. 5183

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að deiliskipulagi fyrir 6 lóðir við Brekknaás og Vindás 1.8 ha af stærð. Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 með síðari breytingum. Í aðalskipulagi segir að leyfilegt sé uppbygging á 60 íbúðum auk búsetukjarna fyrir fatlaða, samkvæmt uppd. Landmótunar dags. 29. janúar 2021. Tillagan var auglýst frá 2. mars 2021 til og með 13. apríl 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Telma Dögg Óskarsdóttir dags. 20. mars 2021, Pálmi Jón Gíslason dags. 12. apríl 2021, Steinunn Þorleifsdóttir dags. 12. apríl 2021, Veitur ohf. dags. 13. apríl 2021, Kamilla Mist Gísladóttir dags. 13. apríl 2021, Gerður Ríkharðsdóttir, tveir póstar, dags. 13. apríl 2021, Matthías Pálmason dags. 13. apríl 2021, Adolf Freyr dags. 13. apríl 2021, Friðrik Þorbergsson dags. 13. apríl 2021 og Jóhanna Gunnarsdóttir dags. 13. apríl 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. apríl 2021 og er nú lagt fram að nýju.
Vísa til skipulags- og samgönguráðs.

2. Vatnsstígur 4, Fjölbýlishús

(11.721.19)

Mál nr. BN059362
Skjalnr. 12503

Leiguíbúðir ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjögurra hæða fjölbýlishús úr forsteyptum einingum með 13 íbúðum, atvinnurýmum á jarðhæð og kjallara með geymslum og bílastæðum fyrir níu bíla á lóð nr. 4 við Vatnsstíg.

Erindi fylgir umboð til hönnuðar dags. 28. janúar 2021. Stærð, A-rými: 2.118,2 ferm., 6.435 rúmm. B-rými: xx ferm. Gjald kr. 12.100

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

3. **Bergþórugata 18, breyting á deiliskipulagi** (01.192) Mál nr. SN210309
Skjalnr. 14383
- a2f arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Landslaginn ehf., Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík
- Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn a2f arkitekta ehf. dags. 23. apríl 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts vegna lóðarinnar nr. 18 við Bergþórugötu. Í breytingunni felst að byggingarreitur er færður til vesturs ásamt því að bætt er við heimild í skilmála að útitróppur megi fara út fyrir byggingarreit, samkvæmt uppdr. a2f arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 25. maí 2021 til og með 23. júní 2021. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Jóhanna Margrét Jónsdóttir dags. 22. júní 2021 og Sigurjón Ernir Kárasón og Sonja Guðlaugsdóttir dags. 23. júní 2021.
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
4. **Frakkastígsreitur 1.172.1, breyting á deiliskipulagi** (01.172.1) Mál nr. SN210262
Skjalnr. 10438
- Leiguíbúðir ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Zeppelin ehf., Skeifunni 19, 108 Reykjavík
- Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Orra Árnasonar dags. 31. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits, vegna lóðanna nr. 33, 33a, 33b, 35, 37 við Laugaveg og 4 við Vatnsstíg. Í breytingunni felst að fallið er frá því að rífa steinhús á baklóð Laugavegar 37 og nýbygging sem fyrirhugað er að rísi á baklóðinni verður stytt sem því nemur og verður hluti af Laugavegi 35, sem og áður nefnt steinhús. Nýbygging að Laugavegi 35 verður breikkuð. Heimilt verður að bæta við litlum svölum á húsin við Laugaveg. Íbúðum á skipulagsreitnum fækkar og byggingarmagn minnkar. Lóðamörk eru færð til o.fl., samkvæmt uppdr. Zeppelin ehf. dags. 21. apríl 2021, mótt. 22. júní 2021. Einnig eru lagðar fram umsagnir Minjastofnunar Íslands dags. 22. og 24. mars 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 25. maí 2021 til og með 23. júní 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Halldór Ólafsson og Danfríður Árnadóttir f.h. Nýhöfn 1-5 ehf. dags. 21. júní 2021, Kristinn B. Ragnarsson f.h. Perla Properties ehf. dags. 21. júní 2021 og Heba Hertervig og Sigurður Jónsson dags. 22. júní 2021. Einnig er lagt fram samkomulag milli eigenda Vatnsstígs 4, Leiguíbúða ehf og eigenda íbúða 0301 og 0401 Hverfisgötu 52 dags. 24. júní 2021 og samkomulag milli eigenda Vatnsstígs 4, Leiguíbúða ehf og eigenda íbúðar 0201 á Hverfisgötu 52 dags. 24. júní 2021.
- Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
5. **Vesturlandsvegur, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN210196
Skjalnr. 12322
- Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
- Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Í breytingunni felst færsla á skipulagsmörkum á nokkrum stöðum, áætluð akstursundirgöng sunnan Grundarhverfis eru felld niður, almennar stígabreytingar, svæði fyrir hljóðvarnir skilgreindar o.fl., samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Einnig er lögð fram greinargerð, skilmálar og umhverfisskýrsla dags. 7. júní 2018, br. 8. mars 2021, hljóðvistarskýrsla Eflu dags. 10. mars 2021 og hljóðvistarkort dags. í mars 2021. Tillagan var auglýst frá 5. maí 2021 til og með 22. júní 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Theodór Theodórsson dags. 25. maí 2021.
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

6. **Kjalarnes, Árvellir, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN210195
Skjalnr. 10154

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Árvalla er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að vesturlandsvegi færast í átt að Esjunni um 8-13 metra, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Tillagan var auglýst frá 5. maí 2021 til og með 22. júní 2021. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

7. **Kjalarnes, Hof, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN210191
Skjalnr. 10176

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjuhofs á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Esjuhofs hliðrast um 2-3 m til austurs, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Tillagan var auglýst frá 5. maí 2021 til og með 22. júní 2021. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

8. **Kjalarnes, Saltvík, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN210188
Skjalnr. 10151

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Saltvíkur er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, vegna breyttrar legu á nýjum stíg í tengslum við ný undirgögn undir Vesturlandsveg, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Tillagan var auglýst frá 5. maí 2021 til og með 22. júní 2021. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

9. **Kjalarnes, Skrauthólar, breyting á deiliskipulagi** (33.2)

Mál nr. SN210187
Skjalnr. 10158

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Skrauthóla er færð til austurs um nokkra metra, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, auk þess að stofnstíg er bætt við, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Tillagan var auglýst frá 5. maí 2021 til og með 22. júní 2021. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

10. **Kjalarnes, Sætún 1, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN210189
Skjalnr. 10219

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Sætúns 1 á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Sætúns 1 er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að Vesturlandsvegi færast í lóðarmörk milli svæðis F annars vegar og hins vegar svæða A og B, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 4. mars 2021. Tillagan var auglýst frá 5. maí 2021 til og með 22. júní 2021. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Vegagerðarinnar dags. 12. maí 2021.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

11. **Kjalarnes, Vallá, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN210186
Skjalnr. 10157

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vallár á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun vesturhluta deiliskipulags Vallá er færð vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Tillagan var auglýst frá 5. maí 2021 til og með 22. júní 2021. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

12. **Kollagrund 2, Klébergsskóli, breyting á deiliskipulagi** (32.484)

Mál nr. SN210193
Skjalnr. 10170

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðar Klébergsskóla á Kjalarnesi, Kollagrund 2. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Klébergsskóla er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að vesturlandsvegi færast í átt að skólanum um u.þ.b. 5 metra, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Tillagan var auglýst frá 5. maí 2021 til og með 22. júní 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sigrún Anna Ólafsdóttir skólastjóri Klébergsskóla og bergs dags. 22. júní 2021.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

13. **Kjalarnes, Prestshús, skipulagslýsing**

Mál nr. SN210265
Skjalnr. 10165

Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Unnarstígur ehf., Pósthólf 70, 121 Reykjavík

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 6. apríl 2021 ásamt skipulagslýsingu dags. 1. apríl 2021 fyrir nýtt deiliskipulag í Prestshúsum að Kjalarnesi. Áformað er að byggja íbúðarhús ásamt gestahúsum og vinnustofu/fjölnota sal á landinu. Tillagan var kynnt til og með 23. júní 2021. Eftirtaldir sendu umsagnir: Umhverfisstofnun dags. 31. maí 2021, Bjarni Pálsson dags. 31. maí 2021, Skipulagsstofnun dags. 9. júní 2021, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 22. júní 2021, Veitur dags. 22. júní 2021 og Veðurstofa Íslands dags. 24. júní 2021.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

14. **Rafstöðvarvegur 41, Endurnýjun þaks og stækkun** (42.6--98) Mál nr. BN059141
Skjalnr. 9249
Elísabet Hannam, Langagerði 120, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til breytinga á formi og burðarvirki þaks, endurnýjunar á þakklæðningu, klæðning útveggja breytt í málmklæðningu, uppsetning á tveimur rafhleðslustöðvum við bílastæði og breyting gerð á innra skipulagi í húsi nr. 41 á lóð nr. 41 við Rafstöðvarveg.
Stærð hússins eftir lagfærða skráningu verður: 111,7 ferm., 397,5 rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á samþykktum uppdrætti, umsögn skipulags dags. 7. maí 2014, bréf hönnuðar dags. 27. maí 2021. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Svarthöfði, framkvæmdaleyfi** (04.036.501) Mál nr. SN210463
Skjalnr. 14505
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 21. maí 2021 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu göngu- og hjólastígs að Svarthöfða, gerð stoðveggja, uppsetningu 2 m öryggisgirðingu, göngupverunar yfir Stórhöfða, endurnýjunar kantsteina, gerð gatna- og stíglýsingar ásamt fráveitu, samkvæmt tillöguhefti VSÓ Ráðgjafar dags. 1. maí 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
16. **Úlfarsbraut 122-124, breyting á skilmálum deiliskipulags** (05.055.7) Mál nr. SN210446
Skjalnr. 12583
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Hebu Hertervig, dags. 15. júní 2021, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags útivistarsvæðis í Úlfarsárdal vegna lóðarinnar nr. 122-124 við Úlfarsbraut. Í breytingunni felst að settur er sér hæðarkóti fyrir stigahús vatnsrennibrautar, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 7. júní 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
17. **Öskjuhlíð, framkvæmdaleyfi** (01.76) Mál nr. SN200509
Skjalnr. 7324
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 14. ágúst 2020 um framkvæmdaleyfi vegna malbikunar á stíg í hlíð Öskjuhlíðar, samkvæmt uppdráttum/forhönnun Landslags dags. 1. júní og júlí 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2020. Jafnframt eru lagðir fram uppdrættir dags. 17. júlí 2020 og 1. ágúst 2020, fornleifaskrá Borgarsögusafns Íslands skýrsla nr. 205 dags. árið 2020, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. október 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020. Lagt fram að nýju ásamt umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 15. júní 2021 og tölvupósti dags. 21. júní 2021 um framlengingu á núverandi framkvæmdaleyfi. Einnig eru lagðir fram uppdrættir Landslags dags. 14. júní 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

18. **Grettisgata 98, Þaksvallir** (12.403.07) Mál nr. BN059348
Skjalnr. 14298
Örn Dúi Kristjánsson, Grettisgata 98, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. maí 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. maí 2021 þar sem sótt er um leyfi til að gera inndregnar svalir framan við kvist á austurhlið fjölbýlishúss á lóð nr. 98 við Grettisgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Erindi fylgir fundargerð húsfélags Grettisgötu 90-98 dags. 26. apríl 2021 og tölvupóstur frá Húsverndarstofu dags. 22. mars 2021. Gjald kr. 12.100.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
Vakin er athygli á að breyting á deiliskipulagi hefur ekki tekið gildi.
19. **Grettisgata 98, breyting á deiliskipulagi** (01.240.3) Mál nr. SN210362
Skjalnr. 14298
Örn Dúi Kristjánsson, Grettisgata 98, 105 Reykjavík
Ark Studio ehf., Njálsgötu 19, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Arnar Dúa Kristjánssonar dags. 10. maí 2021, ásamt greinargerð dags. 10. maí 2021, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.240.3 vegna lóðarinnar nr. 98 við Grettisgötu. Í breytingunni felst heimilt verði að setja svalir á austurgafli hússins í tengslum við núverandi kvist, samkvæmt uppd. Ark Studio ehf. dags. 10. maí 2021. Einnig er lögð fram fundargerð húsfélagsins að Grettisgötu 90-98 dags. 26. apríl 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 16. júní 2021 til og með 15. júlí 2021 en þar sem samþykki hagsmunaaðila barst þann 23. júní 2021 er erindi nú lagt fram að nýju.
Samþykkt með vísan til 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og með vísan til heimilda í a. lið 2. gr. í viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.
20. **Njálsgata 76, Setja svalir á 1 og 2.hæð** (11.911.04) Mál nr. BN059260
Skjalnr. 14297
Berglind Guðmundsdóttir, Arnarhraun 27, 220 Hafnarfjörður
Edda Ólafsdóttir, Njálsgata 76, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til að setja svalir á suðurhlið 1. og 2. hæðar á húsi nr. 76 á lóð nr. 76 við Njálsgötu.
Stækkun er samtals: 14,4 ferm. svalir 0103 / 0203. Erindi fylgir yfirlit breytinga á uppdráttum sem samþykktir voru 9. mars 1999. Samþykki eigenda liggur fyrir á umsóknareyðublaði. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. maí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. maí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. maí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. maí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2021. Gjald kr. 12.100
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Njálsgötu 74 og 78.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

21. **Safamýri 41, breyting á deiliskipulagi** (01.281.4) Mál nr. SN210350
Skjalnr. 13614
Hulda Jónsdóttir, Vínatræti 10, 210 Garðabær
Alexander Angelo Tonini, Safamýri 41, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn Huldu Jónsdóttur dags. 7. maí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Safamýris - Álfamýris vegna lóðarinnar nr. 41 við Safamýri. Í breytingunni felst að heimilt verði að rífa sambyggða bílskúra á lóðinni og byggja nýja í sömu mynd þar sem byggingarreitur er stækkaður lítilllega, samkvæmt uppdr. Huldu Jónsdóttur dags. 22. júní 2021, ástandsskýrsla Balsa ehf. ódags. og ljósmyndir.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Safamýri 37, 39 og 43.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6. gr., sbr. gr. 12. í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
22. **Borgartún 28, 28A - Svalalokun** (12.301.01) Mál nr. BN059492
Skjalnr. 6816
Orri Árnason, Kópavogsbærð 6, 200 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir svalalokunum á 2. til 6. hæð fjölbýlishúss nr. 28A á lóð nr. 28 við Borgartún.
Stækkun, B-rými á 6. hæð: 36.6 ferm. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
23. **Bólstaðarhlíð 30, (fsp) breyting á notkun bílskúrs o.fl.** (01.274.005) Mál nr. SN210438
Skjalnr. 14502
Embla Hallfríðardóttir, Bólstaðarhlíð 30, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Emblu Hallfríðardóttur, dags. 14. júní 2021, um að breyta notkun bílskúrs á lóð nr. 30 við Bólstaðarhlíð í studio íbúð, fnt. 201-3582, ásamt því að breyta bílskúrshurð og setja hurð og glugga. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2021.
24. **Hlaðbær 8, Viðbygging** (43.522.10) Mál nr. BN059347
Skjalnr. 14483
Erling Guðmundsson, Hlaðbær 8, 110 Reykjavík
Vilhjálmína Isaksen, Hlaðbær 8, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. maí 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. maí 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu á norðurhlíð einbýlishúss á lóð nr. 8 við Hlaðbæ. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Stækkun XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
25. **Hraunberg 4, Breyta atvinnuhúsnæði í íbúðir - 2.hæð** (46.740.02) Mál nr. BN059441
Skjalnr.
Apartments and rooms ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júní 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði með því að gera 5 nýjar íbúðir og koma fyrir svölum í vesturhluta 2. hæðar í atvinnu- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 4 við Hraunberg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir A3 afrit af samþykktum teikningum með stimpli byggingarfulltrúa dags. 14. janúar 2003. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
Vakin er athygli á að auglýsing um gildistöku breytingar á deiliskipulagi vegna lóðarinnar mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda þann 1. júlí nk.

26. **Hringbraut 109, (fsp) svalir** (02.860.1) Mál nr. SN210275
Skjalnr. 14496
Örn Alexandersson, Hringbraut 96, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. júní 2021 var lögð fram fyrirspurn Arnar Alexanderssonar dags. 30. mars 2021 um að setja svalir á suðurhlið hússins á lóð nr. 109 við Hringbraut. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2021.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2021.
27. **Kleppsvegur 66-68, Fjölgun íbúða - kjallara** (13.521.03) Mál nr. BN058448
Skjalnr. 14369
Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera breytingar og lóð ásamt því að breyta innra skipulagi og fjölga eignum um fjórar, gera tvær nýjar íbúðir í kjallara stigahúss nr. 66, mhl.01, og aðrar tvær í kjallara stigahúss nr. 68, mhl.02, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 66-68 við Kleppsveg.
Erindi fylgir minnisblað burðarvirkishönnuðar hjá VSÓ ráðgjöf, dags. 6. nóvember 2020 og lóðaupprættir unnir af teiknistofunni Landslag dags. 26. apríl 2021 og yfirlit breytinga á A3 afriti af teikningum samþykktum 23. apríl 2002. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. desember 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. desember 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2020. Gjald kr. 11.200
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
28. **Kleppsvegur 70-72, Fjölgun íbúða - kjallara** (13.521.02) Mál nr. BN058449
Skjalnr. 14370
Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera breytingar og lóð ásamt því að breyta innra skipulagi og fjölga eignum um fjórar, gera tvær nýjar íbúðir í kjallara stigahúss nr. 70, mhl.01, og aðrar tvær í kjallara stigahúss nr. 72, mhl.02, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 70-72 við Kleppsveg.
Erindi fylgir minnisblað burðarvirkishönnuðar hjá VSÓ ráðgjöf, dags. 6. nóvember 2020 og lóðarupprættir unnir af teiknistofunni Landslag dags. 26. apríl 2021, greinargerð aðalhönnuðar dags. 10. júní 2021 og yfirlit breytinga á uppdráttum samþykktum 23. apríl 2002. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. desember 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. desember 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2020. Gjald kr. 11.200
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
29. **Kleppsvegur 74-76, Fjölgun íbúða - kjallara** (13.521.01) Mál nr. BN058450
Skjalnr. 14371
Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera breytingar og lóð ásamt því að breyta innra skipulagi og fjölga eignum um fjórar, gera tvær nýjar íbúðir í kjallara stigahúss nr. 74, mhl.01, og aðrar tvær í kjallara stigahúss nr. 76, mhl.02, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 74-76 við Kleppsveg.
Erindi fylgir minnisblað burðarvirkishönnuðar hjá VSÓ ráðgjöf, dags. 6. nóvember 2020 og lóðarupprættir unnir af teiknistofunni Landslag dags. 26. apríl 2021, greinargerð aðalhönnuðar dags. 10. júní 2021 og yfirlit breytinga á uppdráttum samþykktum 23. apríl 2002. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. desember 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. desember 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2020. Gjald kr. 11.200
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

30. **Laugavegur 49, (fsp) breyta notkun o.fl.** (01.173.0) Mál nr. SN210423
Skjalnr. 6673
Rúnar Sveinsson, Klapparstígur 18, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júní 2021 var lögð fram fyrirspurn Rúnars Sveinssonar dags. 4. júní 2021 ásamt bréfi ódags. um að koma fyrir tveimur nýjum gluggum á vesturhlið kjallara hússins á lóð nr. 49 við Laugaveg ásamt því að breyta notkun hússins úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði, samkvæmt skisum ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. júní 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. júní 2021 samþykkt.
31. **Sólvallagata 48, (fsp) breyting á notkun** (01.134.6) Mál nr. SN210461
Skjalnr. 6791
Helgi Marteinn Gunnlaugsson, Smáragata 3, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Helga Gunnlaugssonar, dags. 8. júní 2021, um að breyta notkun á þremur eignarhlutum Öglu ehf. úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði (stúdíóíbúðir) á lóð nr. 48 við Sólvallagötu, líkt og á meðfylgjandi ljósmyndum.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
32. **Suðurgata 35, Ýmsar breytingar** (11.422.01) Mál nr. BN058753
Skjalnr. 14490
Sigurður Hjörtur Flosason, Suðurgata 35, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. júní 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera breytingar á garðvegg að Skothúsvegi til þess að koma fyrir sorptunnugeymslu, breyta útliti bílskúrshurðar mhl.02 og gera nýja svalahurð og svalir með aðgengi að garði við suðvesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 35 við Suðurgötu. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir mæliblað 1.142.2 útgefið 31. janúar 1984 og yfirlit breytinga á skýringaruppdráttum Glámu Kím dags. 21. janúar 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2021. Gjald kr. 12.100
Neikvætt. Ekki er hægt að grenndarkynna framlagða uppdrátti þar sem þeir eru ekki í samræmi við umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021.
33. **Suðurhlíð 35, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.788.1) Mál nr. SN210321
Skjalnr. 5485
Þór Ólafsson, Suðurhlíð 35, 105 Reykjavík
VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júní 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóhanns Harðarsonar dags. 30. apríl 2021 um breytingu á deiliskipulagi Suðurhlíðar vegna lóðarinnar nr. 35 við Suðurhlíð sem felst í stækkun á byggingareit hússins ásamt stækkun og færslu á byggingarreit bílskúrs, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Ekki eru gerðar athugasemdir við að fyrirsýrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.

34. **Veghúsastígur 7, Breytingar - útiveitingar** (11.524.19) Mál nr. BN059496
Skjalnr. 9272
RR fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til að færa starfsmannarými úr forrými húss nr. 7 yfir í kjallararými 0001 í húsi nr. 9 og koma fyrir útiveitingum fyrir 15-20 gesti í porti milli húsa nr. 7, 9 og 9a fyrir veitingastað í flokki ll. tegund e. sem staðsettur er í húsi á lóð nr. 7 með aðkomu um lóð nr. 9 við Veghúsastíg.
Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
35. **Veghúsastígur 9, Útiveitingar fyrir** (11.524.19) Mál nr. BN059235
Skjalnr. 6387
veitingarstað á lóð nr. 7 - sama eignarhald
RR fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir útiveitingum fyrir 15 til 20 gesti á veitingastað í fl.II, tegund Kaffihús á lóð nr. 7 við Veghúsastíg í porti á lóð nr. 9 og tekið er í burtu bráðabirgða starfsmannarými sem var í forrými á nr. 7 og það flutt í nýbyggingu stafsmanngæmis í kjallara rými 0001 á lóð nr. 9 við Veghúsastíg.
Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
36. **Þorragata 1, (fsp) stækkun húss** (01.635.7) Mál nr. SN210421
Skjalnr. 6210
Stáss Design ehf., Fiskilóð 24, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Stáss Design ehf. dags. 4. júní 2021 um að stækka leikskólann Sælukot á lóð nr. 1 við Þorragötu, sem felst í að fjarlægja tvo skúra á lóðinni og byggja í þeirra stað tveggja hæða viðbyggingu við austurenda núverandi byggingar, samkvæmt uppdretti dags. 4. júní 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
37. **Ármúli 38, Koma fyrir svalir á - 02-02 mhl.** (12.951.01) Mál nr. BN058594
03 Skjalnr. 13557
Apartments and rooms ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til koma fyrir svölum á mhl. 03 rými 0202 á suðurhlíð og inndregnar svalir með svalalokun á húsi á lóð nr. 38 við Ármúla. Erindi var grenndarkynnt frá 17. maí 2021 til og með 15. júní 2021. Engar athugasemdir bárust.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. janúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. janúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2021 og samþykki meðeigenda dags. 5. janúar 2021.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

38. **Ármúli 38, Koma fyrir svölum - 03-02 mhl.** (12.951.01) Mál nr. BN058595
